

Nd. 323. Frumvarp til laga [149. mál]

um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Mörk Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu skulu vera um Hólmaháls eftir línu dreginni frá Hólmanestá í miðjan Hólmatind.

2. gr.

Nú verður eigi innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps um bætur vegna tjóns, sem Reyðarfjarðarhreppur kann að verða fyrir vegna ákvæðis 1. gr., og skal þá gerðardómur fjalla um það mál og skera úr um bótakröfur. Skal gerðardómurinn skipaður þremur mönnum. Skipa aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæsti-

réttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að skipa mann í dóminn, tilnefnir hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Eskifjarðarhreppur.

3. gr.

Nú gefur Reyðarfjarðarhreppur Eskifjarðarhreppi kost á að kaupa eignarjörð sína, Borgir, sem yrði í Eskifjarðarhreppi eftir breytingu hreppamarka samkvæmt 1. gr., og fer þá um verð og greiðsluskilmála eftir því, sem um semst milli hreppanna, en náist ekki samkomulag milli þeirra innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara, skal Eskifjarðarhreppi skylt að kaupa jörðina eftir mati dómkvaddra manna. Um framkvæmd þess mats fer eftir lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ríkisjörðina Hólma Reyðarfjarðarhreppi og Eskifjarðarhreppi, þannig að hvor þessara hreppa um sig eigi þess kost að fá keyptan þann hluta jarðarinnar, sem er innan marka hvors sveitarfélags.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

Greinargerð.

Þegar Reyðarfjarðarhreppi hinum forna var skipt árið 1907, voru mörk Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps ákveðin um Bleiksá, sem fellur í botn Eskifjarðar norðanverðan.

Vegna óhagkvæmra skilyrða í landi Eskifjarðarhrepps hafa Eskfirðingar fengið ýmis not af landi í Reyðarfjarðarhreppi, m. a. fyrir kirkjugarð, íþróttavöll og skreiðarhjalla.

Framtíðarhöfn Eskifjarðar hefur nú verið valinn staður inn við fjarðarbotninn, og þar hefur risið sildarverksmiðja, fiskverkunarhús og röragerð. Skortir landrými innan marka hreppsins til útfærslu þessara fyrirtækja, svo og fyrir annan atvinnurekstur, sem eðlilegt virðist að verði nálægt höfninni.

Að frumkvæði hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps hefur verið rætt um breytingu á hreppamörkunum nú og áður, og eftir að þingmenn Austurlandskjördæmis höfðu kynnt sér viðhorf hreppsnefnda Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps, síðast á fundi á Egilsstöðum 15. þ. m., urðu þeir allir sammála um að leggja fram frv. þetta, en þar sem frumvarpið er flutt í neðri deild, eru aðeins fjórir þeirra flutningsmenn þess.

Þá felst í frv., 4. gr., heimild til handa ríkisstjórninni til að selja Eskifjarðarhreppi og Reyðarfjarðarhreppi ríkisjörðina Hólma, en hin nýju hreppamörk samkvæmt 1. gr. munu skipta jörðinni, þannig að norðurhluti hennar mun verða í Eskifjarðarhreppi, en suðurhlutinn í Reyðarfjarðarhreppi. Virðist því eðlilegt, að viðkomandi sveitarfélögum verði gefinn kostur á að kaupa þann hluta jarðarinnar, sem verður í því sveitarfélagi, enda hafa sveitarstjórnirnar látið í ljós áhuga á því, ef hreppamörkum yrði breytt, eins og í 1. gr. er lagt til.

Eyðijörðin Borgir, sem er eign Reyðarfjarðarhrepps, mundi við tilfærslu hreppamarkanna samkvæmt 1. gr. verða í Eskifjarðarhreppi. Af því tilefni og með vitund og vilja sveitarstjórnanna er ákvæði 3. gr. frv.

2. gr. þarfnast ekki skýringa.